



Aðalfundur FÍA 2017:

Kosið um varaformann og meðstjórn

- Örnólfur einn í framboði til formanns

Frestur til að bjóða sig fram í stjórn FÍA á aðalfundi félagsins sem verður 16. febrúar n.k. rann út í byrjun mánaðarins, tveimur vikum fyrir fundinn. Jóhann Óskar Borgþórsson býður sig fram til varaformanns ásamt Kjartani Jónssyni sem er sitjandi varaformaður. Einnig þarf að kjósa um meðstjórn þar sem sex eru í framboði í 5 sæti meðstjórnenda. Sjálfkjörið verður í sæti tveggja varamanna stjórnar og í sæti formanns.

Á innsíðum blaðsins eru greinar frá nokkrum frambjóðendum. Einnig er að finna í blaðinu umfjöllun um tillögur að breyttum lögum FÍA og reglum starfsmenntasjóðs sem eru á dagskrá aðalfundarins.

Framboðslisti vegna aðalfundar 16. febrúar 2017:

Formaður

Örnólfur Jónsson, Icelandair

Varaformaður


Jóhann Ó. Borgþórsson, Icelandair
Kjartan Jónsson, Icelandair

Meðstjórnendur

Guðlaugur Birnir Ásgeirsson, Atlanta
Guðmundur M. Þorvarðars., Icelandair
Högni B. Ómarsson, Icelandair
Kristín María Grímsdóttir, Atlanta
Magni Snær Steinþórsson, Flugf. Ísl.
Sigrún Bender, Icelandair

Varamenn

Óðinn Guðmundsson, Ernir
Jens Þór Sigurðarson, Landhelgisg.



Grand Hótel Reykjavík þar sem aðalfundur FÍA verður haldinn þann 16. febrúar n.k. kl. 20:00

Landhelgisgæslan glímir við fjárskort

Þyrlur Landhelgisgæslunnar eru ekki búnar nýjasta flugleiðsögubúnaði eins og GPS tækjum og flugmenn gæslunnar verða því að reiða sig á frumstæðari siglingataki við blindaðflug. Langflestir aðrir flugrekstraraðilar hérlandis eru með útbúnað til að fljúga GPS blindaðflug. Á fjárlögum þessa árs er ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til þess að bæta úr þessu mikilvæga öryggismáli. Það er ótækt að þyrluflugmenn okkar sem landsmenn reiða sig á þegar neyðin er

mest skuli ekki hafa bestu mögulegu siglingatakin. Úr þessu verður að bæta. Fyrirheit hafa heyrst um endurnýjun þyrluflotans en niðurstaða um slíkt er ekki í sjónmáli.

Stofnunina vantar enn um 200 milljónir króna í reksturinn til að sinna lágmarksþjónustu, miðað við framlög á fjárlögum. Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu gæslunnar hefur flugvélin TF-SIF verið leigð til verkefna erlendis við að sinna landamæraeftirliti í austanverðu Miðjarðarhafi og er því ekki til taks hér á landi næstu vikurnar. Þannig

aflar stofnunin sértekna og flugmenn og aðrir í áhöfn vélarinnar halda sér í æfingu. Á árunum eftir efnahagshrunið hafði gæslan miklar sértekkjur af leigu vélarinnar erlendis en virðist hafa verið hegnt fyrir framtakið með því að ríkið veitir ekki þá fjármuni til rekstrarins sem þarf til að halda úti lágmarksrekstri eins og til er ætlast og raunveruleg þörf er á. Vonandi verður úr þessu bætt sem fyrst, þannig að Landhelgisgæslan geti nýtt sín öflugtu taki hér heima og haft til þess besta mögulega útbúnað, landsmönnum til heilla.

Öryggishlutverk
Reykjavíkflugvallar
bls 2

Reykjavík Flight
Safety Symposium
bls 3

Framboðs-
pistlar
bls 4-8

Frá
ÖFÍA
bls 9

Næstmesti hagnaður
Icelandair
bls 12

Kanna öryggishlutverk Reykjavíkurflugvallar

Jón Gunnarsson samgönguráðherra hefur ráðið Þorgeir Pálsson fyrrverandi flugmálastjóra til starfa í samgönguráðuneytið til þess að rannsaka sérstaklega öryggishlutverk Reykjavíkurflugvallar. Ráðherra segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um framtíðarstaðsetningu flugvallarins en segist tilbúinn til þess að skoða það að opna neyðarbrautina svonefndu aftur.

Þetta kom fram í máli Jóns við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, þingmanns Framsóknarflokksins á Alþingi. Jón sagði að í Rögnuskýrslunni svokölluðu, um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar eða innanlandsflugsins, hafi ekki verið tekið tillit til þess öryggishlutverks sem Reykjavíkurflugvöllur hafi að gegna gagnvart landsmönnum. Því hafi þessi ákvörðun verið tekin.

„Ég hef því ráðið tímabundið starfsmann í samgönguráðuneytið sem er sérstaklega að fara yfir þetta öryggishlutverk vallarins og þá í breiðum skilningi, ekki eingöngu gagnvart sjúkraflugi



heldur bara almennt, öryggishlutverki og þá almannavarnahlutverki vallarins líka,“ sagði Jón.

Aðspurður sagði hann enga ákvörðun hafa verið tekin um hugsanlegan flutning á starfsemi flugvallarins. Meðan slík ákvörðun hafi ekki verið tekin verði miðstöð innanlandsflugs á Reykjavíkurflugvelli í Vatnsmýri.

„Hvað varðar hina löngu framtíð í þeim efnum verður bara að koma í ljós. Það er mörgum spurningum

þar ósvarað varðandi bæði staðsetningar og kostnað við byggingu á mögulega nýjum velli sem gæti hýst þessa þjónustu. Ég hef því lagt á það mikla áherslu og mun leggja á það áherslu í viðræðum mínum við yfirlýðinguna að við getum hafið sem fyrst framkvæmdir við uppbyggingu á þjónustumiðstöð fyrir starfsmenn og farþega á Reykjavíkurflugvelli,“ sagði Jón Gunnarsson á Alþingi.

heimild: visir.is

Tillögur að breytingum á lögum FÍA

Á dagskrá aðalfundar FÍA þann 16. febrúar n.k. eru boðaðar breytingartillögur á lögum FÍA. Allir félagsmenn eru hvattir til að kynni sér breytingartillögunar sem sendar voru í tölvupósti ásamt fundarboðinu.

Lagabreytingartillögunar eru í þremur liðum. Megintilgangur fyrstu breytingartillögunnar er að breyta núverandi fyrirkomulagi um inntökugjald að FÍA og er það fellt niður. Aðildarhugtakið skilgreint og endurbætt ásamt hugtakinu aukafélagi.

Í annarri breytingartillögu er stjórnarmönnum fjölgað úr 7 í 9. Sú hefð hefur skapast innan stjórnar FÍA að varamenn stjórnar (sem nú eru tveir) séu ávallt boðaðir á stjórnarfundum félagsins og hafa atkvæðisrétt í fjarveru annarra meðstjórnenda. Með breytingunum eru varamenn ekki lengur kosnir á aðalfundi þar sem búið er að fjölga stjórnarmönnum heldur skipaðir af trúnaðarráði gerist þess

þörf á kjörtímabilinu. Með þessum breytingum mun hlutverk og vægi núverandi varamanna aukast er þeir taka sæti meðstjórnenda.

Þá er lagt til að hámark félagsmanna frá einum samningsaðila FÍA verði takmarkað við 5 stjórnarmenn í stjórn hverju sinni. Það er í samræmi við það sjónarmið að stjórn FÍA eigi að endurspeglar sem flesta viðsemjendur félagsins og að jafnræðis og hagsmuna allra félagsmanna sé gætt.

Í síðustu breytingartillögunni er lagt til að kjörtímabil stjórnar sé tvö ár og að stjórnarseta meðstjórnenda skarist. Tilgangur þessara breytinga er að flytja þekkingu á milli stjórna sem og að stuðla að skilvirkari stjórn. Einnig er lagt til að kosningar verði rafrænar frá og með árinu 2018.

Hvetjum við alla félagsmenn til að kynna sér nánar breytingartillögunar fyrir aðalfund FÍA og nýta kosningarétt sinn á aðalfundi.

Laganefnd FÍA

Fréttabréf FÍA

Ritstjórn

Jóhannes Bjarni Guðmundsson
jbg@fia.is

Umbrot

Jóhannes Bjarni Guðmundsson
jbg@fia.is

Myndir

airliners.net
Baldur Sveinsson
Mats Wibe Lund - myndasafn.is
Shutterstock

Útgefandi

Félag íslenskra
atvinnuflugmanna

febrúar 2017

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

REYKJAVIK FLIGHT SAFETY SYMPOSIUM

APRIL 4th 2017 – HOTEL REYKJAVIK NATURA

The focus is placed on contemporary topics, just culture, latest development in communication and navigation technology in Reykjavik FIR, infrastructure at airports in Iceland and upcoming challenges to frontline personnel.

Tickets can be purchased at midi.is
Find a more detailed schedule at www.fia.is



70 1946–2016

ICELANDIC AIRLINE PILOTS ASSOCIATION
FÉLAG ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA



Icelandic Transport
Authority



ICELANDAIR



Jóhann Óskar Borgþórsson:

Framboð til varaformanns FÍA

Góðir félagsmenn senn líður að aðalfundi stéttarfélagsins okkar. Eftir nokkrar vangaveltur hef ég ákveðið að gefa kost á mér til embættis varaformanns FÍA. Með framboði mínu vonast ég til að fá tækifæri til þess að vinna að áframhaldandi uppbyggingu öflugs stéttarfélags, að gæta hagsmuna flugmanna, styðja með margvíslegum hætti við bakið á flugmönnum á ýmsum sviðum og tryggja flugmönnum þannig það bakland sem er þeim nauðsynlegt.

Með þessum pistli langar mig til að kynna sjálfan mig, áherslur mínar og reynslu af félagsstörfum fyrir FÍA.

Ég hef starfað við atvinnuflug frá árinu 2004. Fyrst sem flugkennari hjá Flugskóla Íslands, síðan í innanlandsflugi hjá Landsflugi ehf. sem flugmaður á Dornier 228. Samhliða flugkennslunni starfaði ég í flugumsjón hjá íslenska leiguflugfélaginu JetX. Í febrúar 2006 hóf ég störf hjá Icelandair sem flugmaður á Boeing 757 þotum félagsins. Frá árinu 2012 hef ég verið í heilsársstarfi hjá Icelandair og síðasta sumar tók ég sæti flugstjóra. Á árunum 2010-2012 starfaði ég á veturna hjá flugfélaginu Air Atlanta á Boeing 747-200/300. Ég hef því viðtæka reynslu í mismunandi starfsumhverfi okkar flugmanna.

Við upphaf starfsferlis míns hóf ég fljótt afskipti af félagsmálum fyrir FÍA. Ég tók þátt í að leggja grunn að kjarasamningi flugmanna Landsflugs ehf. og FÍA árið 2005 en fram að því hafði enginn samningur verið í gildi milli aðila. Með samningnum tryggðum við flugmönnum félagsins umtalsverðar kjarabætur og ríkti mikil ánægja með samninginn. Árin 2005 og 2006 var ég formaður samstarfsnefndar Landsflugs og FÍA. Það krafðist staðfestu og áræðni að gegna formennsku í nefndinni til að tryggja mönnum umsamin réttindi og þar öðlaðist ég góða reynslu sem hefur nýst mér vel í störfum fyrir hönd FÍA.

Árið 2006 hóf ég störf hjá Icelandair og var skipaður af stjórn FÍA í samninganefnd þegar kom að endurnýjun kjarasamninga milli Icelandair og FÍA. Ég hef setið við samningaborðið síðastliðna fimm kjarasamninga eða



u.þ.b. 10 ár. Samhliða setu í samninganefnd hef ég átt sæti í trúnaðarráði, kjörstjórn og alþjóðanefnd.

Í alþjóðanefnd hef ég sinnt samskiptum við Norræna flutningaverkannasambandið þ.e. NTF ásamt öðrum tilfallandi störfum. Í þessu launþegasambandi er fólk úr öllum flugtengdum störfum í Skandinavíu og hefur það útvíkkað skilning minn og reynslu á starfsumhverfi okkar og hvernig það hefur þróast undanfarin ár. Ég hef kynnst aragrúa góðs fólks á þessum vettvangi og hef náð að mynda sterk tengsl við kollega mína þar jafnframt.

Þátttaka mín í starfi félagsmála og á vettvangi FÍA hefur verið þó nokkur og hef ég reynt eftir fremsta megni að sækja sem flesta félagsfundi. Það er nefnilega þannig að maður er aldrei fullnuma í fræðum og því er nauðsynlegt að sækja í reynslubanka þeirra sem að starfinu koma og það tel ég mig hafa gert. Ég hef tekist á við ýmis krefjandi verkefni í störfum mínum og tel að sú reynsla muni koma til góða ef til þess kemur að ég hljóti umboð ykkar félagsmanna sem varaformaður FÍA.

Mín helstu áherslumál tengjast m.a.

Kjara- og réttindamál

Kjara- og réttindamál flugmanna eru mér afar hugleikin. Stéttarfélagið okkar er sverð og skjöldur í kjara- og réttindabaráttu flugmanna. Okkar aðalsmerki er að tryggja að flugmannsstarfið sé ævistarf og starfskjör séu með þeim hætti að réttindi og lífsgæði séu tryggð. Í þeirriaráttu er mikilvægt að félagsmenn standi alltaf saman og

standi vörð um hagsmuni okkar sama hjá hvaða flugfélagi við störfum.

Gerviverktaka

Á árunum 2006 til 2012 var mér sagt upp störfum fjórum sinnum vegna árstíðarsveiflu hjá Icelandair þá lengst í 20 mánuði. Eins og áður er nefnt starfaði ég á veturna hjá flugfélaginu Air Atlanta á Boeing 747-200/300 þar kynntist ég heimi verktakaflugmennsku af eigin raun. Það umhverfi er ekki í anda þeirra gilda sem FÍA hefur barist fyrir. Verktaka er það ráðningarform sem er stærsta ógnin við okkar starf. Hún grefur undan samfélagslegum gildum og starfsöryggi. Í störfum mínum í alþjóðanefnd er þetta stærsta áskorun stéttarfélaga flugmanna og hefur verið það í áratugi. Það er mín skoðun að allir flugmenn eigi að vera launþegar og njóta réttinda sem slíkir.

Fjölgun félagsmanna

Í stéttarfélaginu okkar hefur verið mikil nýliðun og því ber að fagna en slíkum vexti fylgir líka áskorun fyrir okkur sem höfum verið lengur á þessum vettvangi. Til þess að allir gangi í takt þegar á reynir þarf að huga vel að nýjum meðlimum. Það er á ábyrgð allra félagsmanna að taka vel á móti nýjum félagsmönnum, kynna starfsemi félagsins og hvaða kosti það hefur að vera félagsmaður í FÍA. Stjórn er ekki undanskilin þessari ábyrgð heldur, viðvera á skrifstofu og félagsfundir eru þau verkfæri sem hún hefur. Þetta er eitt af því sem við þurfum að efla.

Stjórn allra félagsmanna

Í því alþjóðlega umhverfi sem við vinnum í er mikilvægt að rödd allra félagsmanna heyrir til að tryggja samheldni í stéttarfélaginu okkar. Tel ég mjög brýnt að stjórn FÍA ljái smærri flugmannahópum eyra og beiti sér í málefnum þeirra. Mikilvægt er að þessir hópar nái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri líkt og aðrir flugmannahópar sem eiga sæti í stjórn.

Skrifstofa FÍA

Á skrifstofu FÍA hefur valist til starfa gott og áhugasamt starfsfólk sem

vinnur vel og leggur sig fram við að leysa úr málefnum félagsmanna hverju sinni og þannig á það að vera hjá sterku stéttafélagi.

Við erum flug

FÍA á að vera kyndilberi málefna flugmanna og flugmála á Íslandi. Líkt og frumkvöðlar stéttafélagsins okkar gerðu á upphafsárunum eigum við að láta okkur málefni flugmála varða í heild sinni. Nú tel ég það sérstaklega brýnt í ljósi þess að vettvangur milli hagsmunaaðila í flugi, löggjafans og framkvæmdarvalds flugmála, er ekki lengur til staðar eftir að flugráð var

lagt niður. Mér finnst að við eigum að taka forystu í umræðu um flugtengd málefni og vera sá aðili sem hlustað er á og leitað er til. Öryggisnefnd FÍA hefur hafið sókn í þessa átt með því frumkvæði að halda ráðstefnuna Flight Safety Symposium 4. apríl næstkomandi. Betur má ef duga skal. Einn liður í þessu tel ég vera að efla heimasíðu FÍA til muna og FÍA þarf að vera sýnilegri á samfélagsmiðlum.

Kæru félagsmenn, allt er mér hugleikið í starfi stéttafélagsins okkar. Ég tel að reynsla mín í starfi í innanlands- og millilandaflugi, í samninganefndum og alþjóðanefnd FÍA muni nýtast mér í

starfi varaformanns, kjósið þið svo. Ég hef í störfum mínum fyrir FÍA átt góð samskipti og samvinnu við aðra félagsmenn sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, því tel ég mig færan um að eiga gott samstarf við alla. Ég óska því eftir stuðningi þínum á komandi aðalfundi.

Að lokum hvet ég alla félagsmenn til að mæta á aðalfund FÍA og nýta kosningarétt sinn.

Virðingarfyllt

Jóhann Óskar Borgþórsson

Kjartan Jónsson: Framboð til varaformanns FÍA

Kæru félagar

Nú er fyrsta ári mínu í stjórn FÍA að ljúka og kosningar framundan. Eins og mörgum er kunnugt hef ég fengið mótframboð frá úrvalsdreng og óska ég því eftir stuðningi þínum til endurkjörs.

Ég bauð mig fram til varaformanns fyrir ári í samstarfi við Örnólf Jónsson, formann FÍA. Markmið mitt þá var að sinna þessu starfi í gegnum einar kjaraviðræður ef ég fengi til þess brautargengi félagsmanna. Það þýðir væntanlega eitt til tvö ár í viðbót við það ár sem er að líða ef það markmið á að nást.

Árið 2006 hóf ég flugmannsstörf fyrir Icelandair, gekk í gegnum mestu uppsagnir í sögu flugfélagsins en nú hefur verkefnastaðan heldur betur lagast og sumarið 2016 fékk ég flugstjórastöðu í fyrsta sinn, 10 árum frá því ég hóf störf. Ég hef unnið að ýmsum málefnum fyrir FÍA frá árinu 2008, ritstjóri fréttabréfs, framkvæmdastjóri og vef- og tæknimaður og sinnti um tíma störfum í alþjóðanefnd fyrir hönd FÍA auk þess að hafa starfað í samninganefnd fyrir Erni, Mýflug og Norlandair í nokkur skipti, oftast sem formaður þeirra nefnda. Ég sem formaður samninganefndar tók þátt í að landa eina verðtryggða kjarasamning sem FÍA hefur gert fyrir flugmenn Ernis og búa þeir að þeirri kjarabót sem sá samningur veitti enn þann dag í



dag, en það tímabil færði þá nær öðrum aðilum í áætlunarflugi innanlands. Allt hefur þetta verið lærdómsríkt og skemmtilegt, bæði lærir maður margt um flugmannsstörf og það sem þar fer fram auk þess sem ómetanlegt er að vera partur af þessum sterka hópi þegar á reynir. Það er á fáum stöðum sem maður finnur jafn mikla samstöðu þegar eftir henni er leitað, því er nauðsynlegt að viðhalda enda styttest óðum í næstu kjaraviðræður sem hefjast hjá fyrstu viðsemjendum í haust, en fyrsti formlegi samningafundur var haldinn milli aðila nú fyrir skemmstu.

Þetta ár hefur verið bæði fróðlegt og viðburðaríkt. Ég tel að ýmsu hafi verið áorkað í samvinnu við viðsemjendur FÍA þó ávallt standi eitthvað út af borðinu. Mörg gömul málefni í fundargerðum samstarfsnefnda hafa verið til lykta leidd og önnur ekki eins gömul. Þá hafa ný málefni bæst við eins og

gengur. Búið er að ganga frá skriflegu samkomulagi um mat á starfsreynslu flugmanna Icelandair sem hefur reynst stórum hópi, stærri en áður var áætlað, mikilvægt fjárhagslega. Ég hef gegnt formennsku í samstarfsnefnd við Icelandair og aðstoðaði við að koma samstarfsnefnd við Mýflug af stað. Ég vona að þeir sem þekkja mig frá öðrum viðsemjendum viti að ég ber ávallt hag hvers hóps fyrir brjósti og hef lagt mig fram við að vinna að heilindum að hverju málefni fyrir sig. Rekstur FÍA gengur sem aldrei fyrr vegna mikillar fjölgunar í hópnum, ég vil því vinna að því að félagsgjaldið verði lækkað á næstu misserum þar sem það er ekki markmið svona félags að safna of miklum sjóðum. Lagabreytingar sem nú liggja fyrir þessum aðalfundi taka að hluta til á sjóðasöfnun FÍA, er ég þá að vísa til breytingatillögu reglugerðar starfsmenntasjóðs.

FÍA störfín eru okkur öllum mikilvæg, ég tel að reynsla, ákveðni, raunsæi og traust sé eitthvað sem skilar okkur árangri og því óska ég aftur eftir stuðningi þínum í komandi kosningu til varaformanns.

Sjáumst vonandi sem flest á aðalfundinum þann 16. febrúar.

Kjartan Jónsson

G. Birnir Ásgeirsson:

Framboð í meðstjórn FÍA

Góðir félagsmenn.

Ég býð mig fram í stjórn FÍA og óska eftir þínum stuðningi. Ég er starfandi flugstjóri hjá Air Atlanta og hef komið að félagsmálum flugmanna frá því að ég hóf störf sem flugmaður árið 2000.

Ég hef m.a. setið í stjórn FÍA en lengst af starfað í samstarfsnefnd, fyrst fyrir Íslandsflug og í seinni tíð fyrir Air Atlanta eftir sameiningu félaganna.

Ég tel afar mikilvægt að stjórn FÍA sé skipuð fólki frá sem flestum samningsaðilum þannig að raddir stórra sem smárra félaga heyrist vel. Ég mun leggja mitt af mörkum til að svo megi vera.



Í framboðsræðu minni á komandi aðalfundi mun ég koma inn á þau verkefni og þau atriði sem ég mun leggja

áherslu á, nái ég kjöri.

Því miður er það þannig í dag að þeir einir sem á fundinn mæta geta kosið og tekið með sér eitt umboð.

Til að ná sem bestu lýðræðislegu niðurstöðu verður mætingin á aðalfundinn að vera góð.

Vil ég því hvetja alla til að mæta og taka þátt.

Með von um þinn stuðning.
G. Birnir Ásgeirsson

Guðmundur Már Þorvarðarson:

Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar.

Ég býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn FÍA. Nú þegar framboðsfrestur er liðinn þá er orðið ljóst að einhverjar breytingar munu verða á sitjandi stjórn fyrir næsta tímabil og því munu félagsmenn kjósa sér fulltrúa í stjórn FÍA á aðalfundi þann 16. febrúar næstkomandi. Það er gleðiefni að félagsmenn sýni aðkomu að störfum FÍA áhuga, hvort heldur er stjórnarsetu, nefndarstörfum eða öðrum tilfallandi verkefnum hverju sinni. Öllum framboðum ber að fagna.

Ég hef setið í stjórn FÍA síðastliðin 3 ár eða síðan á aðalfundi 2014, og þar af sem gjaldkeri síðastliðið ár. Þessi tími hefur verið lærdómsríkur, þroskandi og gefandi. Krefjandi áskoranir að baki sem og framundan og er ég hvergi nærri af baki dottinn,



brennandi áhugi og vilji til að gegna stjórnarstörfum áfram er ennþá til staðar, sennilega meiri nú en oft áður. Framundan eru samningaviðræður við Icelandair en samningar þar eru lausir á haustmánuðum og eru þeir að jafnaði stefnumarkandi og því mikið verkefni að vinna. Ég tel mikilvægt að samninganefndir hverju sinni hafi sterkan

og öflugan stuðning félagsmanna og stjórnar á bakvið sig og er það hlutverk okkar félagsmanna og stjórnar að búa samninganefndum öflugt bakland.

Ég starfa sem flugstjóri hjá Icelandair, var ráðinn þar sem flugmaður 2005 og þekki það af eigin raun hvernig það er að missa atvinnuna tímabundið eða vegna árstíðarbundinnar sveiflu. Áður hef ég sinnt flugkennslu. Ég hef setið í samninganefndum við Flugfélagið Ernir og Norlandair auk þess að hafa tekið þátt í störfum kjörnefndar og setið í trúnaðarráði áður.

Nú óska ég eftir stuðningi ykkar og trausti kæru félagar og vonast til að sjá ykkur sem flest á aðalfundinum.

Sjáumst á fundinum
Guðmundur Már Þorvarðarson

Aðalfundur FÍA 2017 • Grandhóte

Högni B. Ómarsson:

Framboð í meðstjórn FÍA

Aðalfundur FÍA markar tímamót að þessu sinni þar sem lagðar verða fram tillögur að breytingum á lögum félagsins. Í starfi ritara hef ég ásamt öðrum stjórnarmönnum komið að undirbúningi breytinganna, en stærsti hluti þeirrar vinnu hefur verið á höndum Ernu Á. Mathiesen lögfræðings FÍA og samstarfsfólks hennar í Laganeftnd. Vil ég þakka þeim fyrir góð störf og vona að félagsmenn kynni sér breytingarnar og taki afstöðu til þeirra.



Starf flugmanns er eins og við þekkjum með þeim hætti að ekki gefst öllum kostur á að sækja aðalfund. Á síðasta aðalfundi FÍA voru fleiri umboð en félagsmenn á fundarstað sem varð til þess að einhver atkvæði félagsmanna voru ekki talin þar sem hverjum fundarmanni er aðeins heimilt að hafa eitt umboð skv. gildandi lögum. Sú stjórn sem þá var kosin hefur beitt sér fyrir breytingum á umræddum lögum með það að markmiði að styrkja lýðræði enn frekar og koma í veg fyrir að atkvæði þeirra sem ekki eiga heimangengt spillist. Rafrænar kosningar eru ekki frekar en annað án vankanta en mögulega eru þær leið sem hentar okkar hópi betur en núverandi kerfi. Bent hefur verið á að fundarsókn gæti minnkað, sem væri vissulega neikvæð þróun, þar sem fátt þjappar hópnum betur saman en fjölmennir og líflegir fundir þar sem við öll finnum fyrir styrk FÍA og samtakamætti.

Þá verða lagðar fram tillögur um að lengja kjörtímabil stjórnarmanna í tvö ár ásamt því að útfæra kosningu þeirra þannig að þekking viðhaldist betur innan stjórnar svo auka meg skilvirkni. Ennfremur er sú breyting lögð til að varamenn fái stöðu meðstjórnaðs og er það mjög í anda þess verklags sem skapast hefur á undanförunum árum þar sem varamenn sitja alla stjórnarfundi.

Með þessum hætti mun stjórn FÍA enn frekar endurspeglja þverskurð félagsins.

Þann 3. desember sl. var 70 ára afmæli FÍA fagnað með glæsibrag. Ég vil þakka Sigrúnu Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra FÍA og samstarfsfólki hennar fyrir góð störf við undirbúninginn. Það var glatt á hjalla í Gamla Bíó eins og jafnan er þegar flugmenn koma saman og mikilvægt að finna sem fyrst annað tilefni til að bjóða félagsmönnum að gera sér glaðan dag, einkum þeim sem nýlega hafa bæst í okkar ört stækkandi hóp því mikilvægt er að efla með þeim samkennd og félagsvitund.

Félagsmenn FÍA eru nú orðnir um 800 og með fjölgun þeirra eykst fjárstreymið. Sitjandi stjórn hefur að mestu haldið áfram á þeirri braut sem rudd var í formannstíð Hafsteins Pálssonar og þannig lagt áherslu á aðhald í rekstri og leitað hagræðingar hvar sem kostur er. Félagsgjald er lægra en heimilt er skv. 36. grein laga FÍA og í tillögum að lagabreytingum er inntökugjald fellt niður að fullu. Þá gefa endurskoðaðir reikningar góða mynd af sterkri fjárhagsstöðu FÍA.

Með stækkandi hópi hefur erindum til FÍA fjölgað og eðli þeirra breyst. Vel hefur gengið að koma á fót öflugum

samstarfsnefndum sem funda reglulega og upplýsa bæði stjórn og viðkomandi hópa flugmanna um framgang mála. Smáforritið FÍA-Mobile, sem nú er notað af um 500 félagsmönnum, nýtist vel sem viðbót við heimasíðu FÍA en á báðum stöðum má lesa fréttir af fundum og öðru sem tengist starfsemiinni. Vert er að geta þess að í FÍA-Mobile er neyðarnúmer ásamt dæmi um skriflega yfirlýsingu og gátlista er varðar viðbrögð vegna flugatviks. Stjórn og Öryggisnefnd æfðu viðbragðsáætlun FÍA í lok maí sl. þegar fram fór umfangsmikil flugslysaæfing á Keflavíkurflugvelli. Samvinna stjórnar og ÖFÍA er náin og verður að teljast með mikilvægari þáttum í starfi FÍA sem frá upphafi hefur lagt ríka áherslu á öryggismál.

Félagsmenn FÍA búa við þau forréttindi að vinna samkvæmt kjarasamningum, en því miður er þeim gæðum misskipt í flugheiminum. Gerviverktaka hefur aukist víða um heim og sennilega aldrei verið nær okkur en nú. Sitjandi stjórn hefur unnið enn frekar að sameiningu allra flugmanna sem starfa hjá íslenskum flugrekendum en líkt og hjá fyrri stjórn hefur það samtal enn ekki skilað niðurstöðu. Flugmenn WOW-Air mega vita að dyrnar að FÍA standa þeim opnar þegar og ef þeim hentar. Samstaða innan FÍA hefur áorðað öllu því sem við búum að, en ekkert stéttarfélag nær árangri án hennar. Sundrung nýtist aftur á móti vel þeim sem rýra vilja kjörin og því er afstaða FÍA skýr - sameinuð stönduð við!

Góðir félagsmenn ég lýsi mig til þjónustu reiðubúinn og hlakka til að hitta sem flest ykkar á Grand Hótel þ. 16. febrúar kl. 20:00.

Högni B. Ómarsson

Reykjavík • 16. febrúar kl. 20:00

Kristín María Grímsdóttir:

Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar.

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram sem meðstjórnanda í stjórn FÍA. Ég hef starfað sem flugmaður hjá Air Atlanta síðan 2007 og haft brennandi áhuga á félagsstörfum alla tíð. Ég hef m.a. verið í samstarfsnefnd FÍA og Air Atlanta s.l. ár og hefur verið í mörgu að snúast samhliða því.

Mig langar að gefa kost á mér til frekari starfa í þágu FÍA og eru mörg stór mál sem bíða nýrrar



stjórnar. Þessi mál eru mér hugleikin og að þeim vil ég vinna með komandi stjórn.

Fái ég þinn stuðning og nái ég kjöri í komandi kosningum mun ég hvergi hlífa mér við að sinna málefnum allra félagsmanna og gæta að hagsmunum þeirra.

Kær kveðja

Kristín María Grímsdóttir

Magni Snær Steinþórsson:

Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar.

Nú nálgast aðalfundur FÍA og hef ég ákveðið að bjóða mig fram í meðstjórn. Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa stjórnina samsetta þannig að hún endurspegli félagsmenn í heild með blöndu félagsmanna frá sem flestum viðsejendum FÍA. Þetta á ekki aðeins við stjórnina sjálfa heldur líka þær nefndir og ráð sem starfa undir merkjum FÍA. Það gerist ekki að sjálfu sér. Við verðum líka að vera tilbúin að bjóða fram krafta okkar, hvort sem það er seta í



stjórn, nefndum, ráðum eða þátttaka í kosningum. Öll getum við haft áhrif,

hvert okkar á sinn hátt.

Eins og mörg ykkar þá hóf ég feril minn sem flugkennari. Fyrst hjá Flugmennt svo hjá Flugskóla Íslands eftir sameiningu við Flugtak. Var svo nokkur sumur hjá Mýflugi þar til ég fékk vinnu hjá Flugfélagi Íslands árið 2004. Síðastliðið ár hef ég verið nefndarmaður í ÖFÍA og í samstarfsnefnd FÍA/Flugfélags Íslands.

Nýtið kosningaréttinn ykkar og kjósið rétt.

Kveðja,

Magni Snær Steinþórsson.

Sigrún Bender:

Framboð í meðstjórn FÍA

Kæru félagar

Nú líður að næsta aðalfundi FÍA og með honum kosningar til stjórnar FÍA, en ég hef nú tilkynnt um framboð mitt til meðstjórnanda. Ég hef settið í stjórn FÍA frá síðasta aðalfundi en þar á undan hef sinnt öðrum störfum innan stéttarfélagsins og má þar nefna formennsku í Starfsmenntasjóði FÍA sem og samstöðuhóp Icelandair við kjarasamninga. Ég hef starfað sem flugmaður hjá Icelandair undanfarnir 5 ár.

Nú þegar fyrsta árið mitt sem meðstjórnandi er að líða undir lok þá langar mig að byrja á að þakka fyrir alla þá reynslu og þekkingu sem ég hef



hlotið á þessum tíma. Að starfa fyrir öflugt stéttarfélag með jafn mikla reynslu, fyrir félagsmenn sem láta

sig málin varða og vilja hafa áhrif á stéttarfélagsmálefni, hefur hleypt í mann krafti. Verkefni komandi árs eru mörg og krefjandi og væri það mér mikil ánægja að fá að sinna áfram því starfi í ykkar þágu. Ég óska því eftir ykkar stuðningi til að fá að sinna okkar málefnum áfram. Félagsmönnum FÍA hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og því er enn mikilvægara að breidd sé í stjórn FÍA til að sem flest sjónarmið heyrist. Við sjáumst síðan vonandi sem flest á aðalfundinum.

Með kærri kveðju

Sigrún Bender

Vantar uppbyggingu flugvalla

- aðgerðaleysi getur ógnað flugöryggi



Ingvar Tryggvason
flugstjóri og
formaður ÖFÍA
skrifar

Fjárlög/Samgönguáætlun

Sáralitlar fjárveitingar eru til ný-framkvæmda á flugvöllum á landsbyggðinni þrátt fyrir mörg aðkallandi verkefni. Það vekur margar spurningar að framlög til flugvalla lækki á milli ára. Í skýrslu innanríkisráðuneytisins um félagshagfræðilega greiningu á framtíð innanlandsflugs kemur fram að þjóðhagsleg arðsemi fjárfestingarinnar í flugvallakerfinu umfram útgjöld er 48%. Það ætti að teljast ábyrg ráðstöfun á almannafé.

Ekki er gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til stækkunar flughlaða á flugvöllum á Egilsstöðum og Akureyri. Eins og við þekkjum er aðeins pláss fyrir fjórar farþegaþotur á hvorum velli þegar best lætur. Einhver kann að skjóta skollaeyrum við þessari þörf, en nærtækast er að minnast eldsumbrotanna í Eyjafjallajökli. Með vaxandi umferð til Keflavíkurflugvallar er því ljóst að þeim tilvikum mun fjölga, sem flugvélar þurfa að bera eldsneyti til Glasgow í Skotlandi sem varaflugvallar, með tilheyrandi kostnaði og losun gróðurhúsalofttegunda.

Þegar slys og óhöpp verða í flugi er sjaldnast ein báran stök. Þau verða gjarnan þegar götin í ostalíkaninu (*e. swiss cheese model*) raðast upp. Það er ekki ofsögum sagt að skortur á fjárveitingum til uppbyggingar flugvalla er að verða nokkuð alvarleg ógn við flugöryggi á Íslandi.

Reykjavíkurflugvöllur

Lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli hefur haft fyrirsjáanlegar afleiðingar í vetur. Það sem af er vetri hefur það fjórum sinnum gerst að flugvöllurinn lokast í hvössum SV vindum. Með tilliti til sjúkraflugs er þetta grafalvarleg staða eins og fjölmargir ábyrgir aðilar hafa bent á. Þá hafa fjölmörg sveitarfélög skorað á borgaryfirvöld að sjá að sér og er ástæða til að taka undir það. Lokun brautarinnar var réttlætt með tveimur



skýrslum frá verkfræðistofunni Eflu, önnur fjallaði um nothæfisstuðul skv. ICAO staðli, hin um nothæfistíma sem er nýtt og óskilgreint hugtak. Brautinni var að endingu lokað eftir dómsmál sem kunnugt er.

Eftir ítarlega athugun komst ÖFÍA að þeirri niðurstöðu, að út-reiknaður nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar skv. ICAO staðli án brautar 06/24 í skýrslu Eflu væri rangur. Alvarlegasta villan er sú að bremsuskilyrðum á flugbrautum voru ekki tekin með í reikninginn.

ÖFÍA fékk á grundvelli upplýsingalaga afhent tölvupóstssamskipti Eflu og Isavia. Í samskiptum milli starfsmanna Isavia og Eflu 30. október 2014 kemur eftirfarandi fullyrðing fram: „Í þessari greiningu verður notast við 13kt hliðarvindhraða mörk á brautum 01, 13, 19 og 31, þá er lagt það mat að ekki þarf að taka tillit til bremsuskilyrða sem leiðir af sér íhaldsamari nothæfisstuðull.“

Haustið 2015 sendi ÖFÍA bréf til nokkurra aðila þar sem skýrsla Eflu

og atburðarásin sem slík var gagnrýnd. Engin viðbrögð bárust frá viðtakendum bréfsins. Því var ákveðið að fá álit ICAO. Erindi var sent sem fulltrúi IFALPA þar undir ICAO Secretariat. Svar barst ÖFÍA þar sem túlkun ÖFÍA á grein 3.1.3 í Annex 14 var staðfest, þ.e. að taka skuli bremsuskilyrði og önnur veðurfarsleg atriði með í reikninginn þegar nothæfisstuðull er reiknaður. Ennfremur tók ICAO undir túlkun ÖFÍA á SARPS hugmyndafræðinni, að leitast ætti við að ná nothæfisstuðli flugvallar eins háum og unnt væri, nema landfræðilegar takmarkanir væru til staðar. Það blasir því við að skýrsluhöfundar hafa mistúlkað grein 3.1.3 í Annex 14 og lokun brautarinnar var að endingu réttlætt með gallaðri verkfræðiskýrslu.

ÖFÍA hefur barist fyrir opnun flugbrautar 07/25 á Keflavíkurflugvelli um árabíl, óháð vangaveltum um lokun brautar 06/24 í Reykjavík. Þá hefur ÖFÍA lagt á það áherslu að brautin í Keflavík verði opnuð áður en til þess kæmi að 06/24 á Reykjavíkurflugvelli yrði lokað. Það er til þess að unnt sé að

lenda flugvél á suðvesturhorni landsins yfir höfuð í stífum útsynningi. Þegar um er að ræða bráðatilfalli í sjúkraflugi gæti sú lausn þó reynst háskaleg, eins og fagaðilar hafa bent á, þegar aka þyrfti sjúklingi í alvarlegu ástandi alla Reykjanesbrautina í slæmu veðri.

Á fundi borgarstjórnar 10. janúar síðastliðinn voru málefni Reykjavíkurflugvallar á dagskrá. Málflutningur borgarstjóra var kúnstugur svo ekki sé meira sagt. Borgarstjóri vitnaði í skýrslu Eflu um nothæfistíma og sagði hana viðbótargagn, umfram staðla. Hið rétta er að skýrsla Eflu um nothæfistíma er með öllu gagnlaus, hugtakið er ekki skilgreint af til þess bærum aðilum enda hafnaði Samgöngustofa þessari skýrslu.

Á þessum fundi vísaði borgarstjóri einnig í bréf sem Isavia sendi Innanríkisráðherra 13. desember 2013 þar sem vísað var í greiningu sem Veðurstofa Íslands vann að beiðni Isavia. Í bréfinu segir: “Niðurstaðan er að nothæfisstuðull tveggja flugbrauta á hvorum flugvelli er umtalsvert hærri en nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar í núverandi mynd með þremur flugbrautum.” Þegar betur er að gáð sést að hér er á ferð rökvilla. Flugbrautir Keflavíkurflugvallar koma ekki í staðinn fyrir 06/24 í Reykjavík, þær eru þegar til staðar. Að tala um sameiginlegan nothæfisstuðul tveggja

flugvallar er eingöngu til þess fallið að slá ryki í augu fólks og afvegaleiða umræðuna. Borgarstjórinn í Reykjavík er athafnasamur, en hann verður að gæta þess að fara rétt með staðreyndir.

Í umsögn Samgöngustofu dagsett 1.6.2015 um fyrirhugaða lokun flugbrautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli segir: „Samgöngustofa minnir á að gera þarf sérstakt áhættumat um framkvæmd breytingarinnar komi til þess að ákveðið verði að loka flugbraut 06/24.” Ekki er vitað til þess að þetta áhættumat hafi farið fram.

Fólk sem lætur sig flugöryggi og almannahagsmununi varða, hlýtur að geta horfst í augu við þá staðreynd, að við lokun brautarinnar hefur verið farið fram af meira kappi en forsjá.

EGNOS - European Geostationary Navigation Overlay Service

Isavia hefur hug á að bjóða upp á notkun EGNOS APV-I aðflugsferla á austurhluta Íslands eða við flugvelli austan við 19°W. Flugvöllurinn á Húsavík varð fyrir valinu í tilraunaskyni og er útlit fyrir að APV-I aðflug verði tekið í notkun þar á næstu misserum.

Isavia hefur starfrækt RIMS leiðréttingarstöðvar (Receiver Integrity Monitoring Stations) um nokkura ára skeið, með það að markmiði að nýta EGNOS til leiðsögu á Íslandi.

Á síðasta ári voru skilyrði á Íslandi rannsökuð af European Satellite Services Provider (ESSP) og var niðurstöðum skilað í greinargóðri skýrslu. Niðurstöðurnar lofa góðu fyrir austurhluta landsins en með uppsetningu einnar eða tveggja leiðréttingarstöðva til viðbótar mætti tryggja merkið yfir öllu Íslandi.

Arnór Bergur Kristinsson, verkefnastjóri og Snæbjörn Guðbjörnsson, flugferlahönnuður, hafa haft veg og vanda að þessari vinnu, sem er í senn metnaðarfull og vönduð. Nánari upplýsingar um EGNOS má finna á vefsíðum Eurocontrol og EASA, einnig á vefsíðunum www.egnos-portal.eu og [https://www.essp-sas.eu](http://www.essp-sas.eu).

Ráðstefna í Reykjavík

FÍA mun halda ráðstefnuna “Reykjavík Flight Safety Symposium” 4. apríl næstkomandi. Ráðstefnan verður haldin á Hotel Reykjavík Natura, megin viðfangsefni eru flugöryggismál, vöktun eldstöðva, sanngirnismenning, innviðir flugvallakerfisins á Íslandi sem og fjarskipta- og leiðsögutækni innan íslenska flugstjórnarsvæðis.

Innlendir og erlendir fyrirlesarar halda fyrirlesstra og mun ráðstefnan fara fram á ensku. Aðgangseyri verður stillt í hóf, hádegishlaðborð verður innifalið en dagskrá verður auglýst á vefsíðu FÍA.

Framboðsaukning í Keflavík

24 flugfélög munu halda uppi áætlunarflugi frá Íslandi til 57 evrópskra áfangastaða og 27 í Norður-Ameríku í vor, sumar og haust. Þetta er töluverð viðbót við framboðið í fyrra og nú býðst farþegum hér á landi í fyrsta sinn beint flug til borganna Cork, Dresden, Katowice, Miami, Nurnberg, Philadelphia, Pittsburgh, Tampa og Trieste. Auk þess verður á ný hægt að fljúga beint til Prag en hins vegar verður ekki framhald á sumarflugi til Nice og Rómar.

Á mörgum flugleiðum hefur samkeppnin aukist frá því í fyrra og til að mynda munu þrjú flugfélög halda uppi áætlunarflugi frá Keflavíkurflugvelli til Toronto og Montreal, tveggja fjölmennustu borga Kanada. Icelandair



og WOW air hafa líka fjölgað daglegum ferðum sínum til vinsælustu áfanga- staðanna og þar með geta farþegar

valið á milli nokkurra brottfara á degi hverjum til ófárra borga.

3 ný flugfélög

Þrjú flugfélög fara jómfrúarferðir sínar til Íslands í sumar; Finnair frá Helsinki, Czech Airlines frá Prag og Air Canada frá bæði Toronto og Montreal og þar með verða flugfélögin á Keflavíkurflugvelli tuttugu og fjögur auk nokkurra í viðbót sem munu sinna leiguflugi á vegum íslenskra og erlendra ferðaskrifstofa. Miðað við hámarks farþega fjölda í hverri ferð þá verða sæti fyrir um 3,7 milljónir farþega í flugvélunum sem fljúga héðan á meðan sumaráætlunin er í gildi, frá lokum mars og til enda októbermánaðar.

heimild: turisti.is

Frá Starfsmenntasjóði FÍA

- breytingar í vændum

Sjóður Starfsmenntasjóðs FÍA hefur staðið nokkuð vel síðustu ár, hverjar ástæður þess eru liggur að hluta til í að hinn almenni félagsmaður FÍA er og hefur ekki verið mjög duglegur að notfæra sér þau réttindi sem sjóðurinn býður uppá. Svo mætti líka nefna þær úthlutunarreglur sem stjórn sjóðsins þarf að vinna eftir.

Nú liggur fyrir tillaga að lagabreytingu á úthlutunarreglum sjóðsins á næsta aðalfundi FÍA, þar fengi stjórn sjóðsins heimild til að greiða beint út til félagsmanna sambærilegt því sem gerist hjá Sjúkrasjóði FÍA.

Með þessum nýju reglum er tryggt að allir félagsmenn FÍA fái hlut af sjóðnum ásamt því að sjóðurinn geti enn haldið áfram að starfa við að úthluta styrkjum til þeirra sem eru að auka starfsmenntun sína.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér þessar nýju lagabreytingar.

Fyrirlestrar

Þann 26. janúar s.l. var haldinn fyrirlestur þar sem fulltrúi frá Björgunarskóla slysavarnarfélagsins Landsbjargar fjallaði um útivist á fjöllum á vetrartíma.

Getur undirritaður vottað að þetta var hin fróðlegasta kvöldstund.

Guðmundur Helgi Önundarson leiðbeinandi miðlaði af margra ára reynslu af fjallaferðum. Seinni fyrirlesturinn frá Björgunarskólanum var haldinn 9. febrúar kl. 20:00 í Grjótnesi.

Lög og reglur í flugi

Tvennir fyrirlestrar liggja fyrir þar sem þau Erna Á. Mathiesen lögfræðingur FÍA og Reynir Einarsson flugstjóri og yfirkennari bóklegra fræða hjá Flugskóla Íslands fá frjálsar hendur. Verða þeir haldnir í Grjótnesi nú í febrúar og mars.

Fyrir liggur að skoða þær breytingar sem orðið hafa á síðustu misserum og hvers má vænta. Sá fyrri verður haldinn 23. febrúar og sá síðari 16. mars og hefjast báðir kl. 20:00. Ekki þarf að skrá sig á neinn af fyrirlestrunum, aðeins að mæta.

Flugkennaranám

FÍA félagsmenn er hvattir til að halda við réttindum sínum, en skortur hefur verið á flugkennurum og því tilkynnir Starfsmenntasjóður FÍA eftirfarandi:

Undanfarin 2 ár hefur undanþága varðandi upprifjunarnámskeið flugkennara verið í gildi, höfum við greitt bóklega hlutann að fullu. Þessi undanþága hefur verið framlengd út árið 2017.

Góðar stundir,
Egill Sigurðsson

Andlát:

Heiðursfélagi FÍA látinn

Kristján Egilsson fyrrverandi formaður FÍA og heiðursfélagi lést 5. janúar s.l. 74 að aldri, eftir erfið veikindi.

Kristján fæddist í Reykjavík 31. desember 1942. Hann lauk prófi frá Verzlunarskóla Íslands árið 1961 og lauk atvinnuflugmannsprófi frá flugskólanum Þyt árið 1964. Hann var ráðinn flugmaður hjá Flugfélagi Íslands í ársbyrjun 1965 og varð síðar flugmaður og flugstjóri hjá Flugleiðum og Icelandair og starfaði þar til starfsloka.

Kristján vann ötullega að félagsmálum fyrir Félag íslenskra atvinnuflugmanna um margra áratuga skeið. Hann tók fyrst sæti í stjórn félagsins árið 1969, sat í stjórn þess í 12 ár og þar af formaður í átta ár. Kristján tók

virkan þátt í starfi alþjóðasamtaka flugmannafélaga, sat í trúnaðarráði og samninganefndum til fjölda ára, var í starfsráði og samstarfsnefndum. Hann var skipaður í flugráð og var fyrir hönd atvinnuflugmanna í ýmsum opinberum nefndum varðandi flugmál. Hann var skipaður í stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA árið 2010 og gegndi því starfi

til dánardags. Kristján var gerður að heiðursfélagi FÍA á 60 ára afmæli félagsins.

Eftirlifandi eiginkona Kristjáns er Margrét Ósk Sigursteinsdóttir kennari.

Útför Kristjáns fór fram föstudaginn 13. janúar, frá Neskirkju við Hagatorg.



Icelandair skilaði næstmesta hagnaði í sögu félagsins 2016

- áskoranir framundan en langtímahorfur góðar

Rekstur Icelandair Group gekk mjög vel á síðasta ári og var hagnaður félagsins sá næstmesti sem verið hefur í 80 ára sögu félagsins. Icelandair flutti um 3,7 milljónir farþega í áætlunarflugi félagsins og er það um 20% aukning frá fyrra ári, eða sem nemur um 600 þúsund farþegum. Fraktflug gekk vel og aukning var einnig í innanlandsflugi Flugfélags Íslands um 9% frá árinu á undan og virðast erlendir ferðamenn vera að nota flugið í meira mæli en áður. Ýmsar ytri aðstæður hafa í upphafi þessa árs valdið áhyggjum eins og óvissa í alþjóðlegum stjórnmálum, hækkun á eldsneytisverði og sterkt gengi íslensku krónunnar. Að undanförunu hefur hægt mjög á bókunum félagsins og meðalfargjöld halda áfram að lækka. Verkfall sjómanna hefur líka slæm áhrif á útflutning í frakt. Þannig hafa stjórnendur félagsins nú varað við því að hagnaður þessa árs verði minni en áður var spáð eða 140-150 milljónir USD (EBITDA).

Samkvæmt ársreikningi síðasta árs er fjárhagsstaða félagsins mjög sterk og eiginfjárlutfall er 44%. Fram kom á fundi stjórnenda félagsins með fjárfestum nýverið að vinna sé fyrir nokkru hafin til að bæta afkomuna næstu misserin með því að lækka kostnað og auka tekjur. Í þessu skyni hefur t.a.m. verið seinkað í vor að byrja með seinni



bankann, þ.e. morgunflug til USA og næturflug til Evrópu, og því flugi verður hætt fyrir í haust en áður var áætlað. Nú þegar hefur áætluð 14% framboðsáukning á þessu ári verið minnkuð í 12%. Áfram er unnið að því að gera reksturinn hagkvæmari og er reiknað með að þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið, verði að fullu komnar til framkvæmda í ársbyrjun 2018. Björgólfur Jóhannsson forstjóri félagsins sagði á áðurnefndum fundi að félagið væri vel í stakk búið til að mæta sveiflum í rekstrinum. Félagið væri með samkeppnishæfan einingakostnað

og það hefði í gegnum tíðina náð að aðlaga sig að breyttum aðstæðum og fundið ný tækifæri til sóknar.

Eftir að tilkynnt var um verri horfur í rekstrinum nú í ársbyrjun hefur verið á hlutabréfum félagsins hriðlækkað.

Flutningatölur janúar

Í janúar s.l. var farþegaþjöldi Icelandair tæplega 206 þúsund og jókst um 18% miðað við janúar á síðasta ári. Framboð var aukið um 22%.

Aðalfundur Icelandair Group verður 3. mars n.k.

Norwegian og RyanAir

Björn Kjós forstjóri Norwegian vonast til að samkomulag félagsins við RyanAir (*e. interline agreement*) verði tilbúið undir lok þessa árs. Viðræður hafa verið í gangi mánuðum saman og bæði félögin hafa lýst yfir kostum þess að geta boðið farþegum sínum uppá tengingar til áfangastaða félaganna tveggja. Kjós sagðist í viðtali við CNN fyrir stuttu geta séð fyrir



sér enn víðtækara samstarf fjögurra leiðandi lággjaldaflugfélaga í Evrópu þ.e. RyanAir, Norwegian, easyJet og Wizz Air. Norwegian virðist með þessu vilja tengja önnur lággjaldaflugfélög inná flug félagsins til fjarlægari staði (*e. long haul*) utan Evrópu.

easyJet og ESB



Forstjóri easyJet segir að félagið muni klára umsókn um flugrekstrarleyfi í landi innan Evrópusambandsins en utan Bretlands, þar sem Bretar ætla að ganga úr sambandinu. Þannig hyggst easyJet tryggja flugréttindi sín innan Evrópu eftir útgöngu Bretlands.